

**3252. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
30. apríl 2015 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Regina Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

1. 1503228 - SSV - samstarf sveitarfélaga á Vesturlandi

Páll Brynjarsson og Ingveldur Guðmundsdóttir mæta á fundinn.

Páll og Ingveldur gera grein fyrir hugmynd SSV um frekari samstarf sveitarfélaga á Vesturlandi.

2. 1501209 - Þjónusta vegna búsetu og stuðningsþjónusta

Sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs mætir á fundinn.

Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs kynnir stöðu málsins.

3. 1504015 - Skagastaðir 2015

Á fundi Velferðar- og mannréttindaráðs þann 22. apríl sl. var fjallað um starfsemi Skagastaða. Eftirfarandi var bókað:

„Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrir sitt leyti að samningur Akraneskaupstaðar við Vinnumálastofnun á Vesturlandi frá 15. janúar 2014 verði efndur. Samningurinn gildir til 31. desember 2015. Ráðið vísar erindinu til bæjarráðs þar sem það felur í sér um 1,8 mkr. útgjöld umfram samþykktu fjárhagsáætlun.

Ráðið leggur til að verkefnisstjóra verði falið að vinna að tillögum að framtíðarsýn varðandi virkniúrræði fyrir fólk sem nýtur fjárhagsaðstoðar.“

Bæjarráð samþykkir erindið en leggur áherslu á að leitað verði allra leiða til að ná niður kostnaði vegna starfsemi Skagastaða, til dæmis með tilfærslu starfa innan Akraneskaupstaðar.

Fjárhæðinni verður ráðstafað af liðnum önnur aðkeypt vinna 20830-4990.

4. 1503039 - Reglur 2015 um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega

Breyting á reglum um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega.

Bæjarráð samþykkir að gildandi viðmiðunarfrjárhæðir vegna lækkunar og niðurfellingar fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega árið 2015 verði svohljóðandi:

Hjá einstaklingum með tekjur allt að kr. 2.817.000 verði 100% niðurfelling á fasteignaskatti. Niðurfellingin lækki hlutfallslega með hækkandi tekjum og falli niður ef tekjur fara yfir kr. 3.900.000.

Hjá hjónum/sambýlingum með tekjur allt að kr. 3.945.000 verði 100% niðurfelling á fasteignaskatti. Niðurfelling lækki hlutfallslega með hækkandi tekjum og falli niður ef tekjur fara yfir kr. 5.459.000.

Reglunum er vísað til endanlegra afgreiðslu bæjarstjórnar.

5. 1504010 - Launalaust leyfi - framlengt

Beiðni um framlengingu á launalausum leyfi.

Bæjarráð samþykkir beiðni sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um framlengingu á launalausum leyfi kennara fyrir skólaárið 2015-2016.

6. 1504056 - Ægisbraut 21 - umsókn um byggingarlóð

Umsókn Halla-Máls ehf. kt. 690807-1300, dags. 13.4.2015, um iðnaðarlóð við Ægisbraut 21.

Bæjarráð óskar eftir því við skipulags- og umhverfisráð að lagt verði mat á umsóknina með tilliti til endurskoðun aðalskipulags Akraness 2005-2017.

7. 1504103 - Ægisbraut 21 - umsókn um byggingarlóð

Umsókn Miklagarðs ehf. kt. 460373-0189, dags. 21.4.2015, um iðnaðarlóð við Ægisbraut 21.

Bæjarráð óskar eftir því við skipulags- og umhverfisráð að lagt verði mat á umsóknina með tilliti til endurskoðun aðalskipulags Akraness 2005-2017.

8. 1409170 - Kirkjubraut 2 - Skagaferðir ehf., veitingaleyfi f. kaffihús

Umsögn skipulags- og byggingarfulltrúa um útveitingarleyfi Skagaferða ehf. við Kirkjubraut 2 lögð fram til kynningar.

Bæjarráð tekur undir umsögnina og samþykkir hana.

9. 1503066 - OR - eigendanevnd 2015

Minnisblað fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar dags. 13.4.2015, um verðmæti hlutar Borgarbyggðar í Orkuveitu Reykjavíkur.

Lagt fram til kynningar og óskað eftir nánari upplýsingum fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

10. 1504033 - Umhverfissvöktun iðjuveranna á Grundartanga 2014

Skýrsla umhverfissvöktunar iðnaðarsvæðisins á Grundartanga 2014.

Lögð fram til kynningar.



- 11. 1504114 - Samgönguverkefni - aðkoma einkaaðila**
Skýrsla starfshóps á vegum Innanríkisráðuneytisins um aðkomu einkaaðila að samgönguverkefnum.
Bæjarráð fagnar framkominni skýrslu og vísar málinu til umsagnar hjá skipulags- og umhverfiráði.
- 12. 1503141 - Faxaflóahafnir sf. - aðalfundur 2015**
Aðalfundarboð Faxaflóahafna sem haldinn verður 29. maí 2015 í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 17 í Reykjavík.
Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri mætir fyrir hönd Akraneskaupstaðar.
- 13. 1502110 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar**
Umsögn Sambandsins á máli 561 - Frumvarpi um breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu.
Lögð fram til kynningar.
- 14. 1502110 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar**
Mál nr. 689 - þingsályktunartillaga um landsskipulagsstefnu 2015-2016.
Lögð fram til kynningar.
- 15. 1502110 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar**
Mál nr. 629 - frumvarp til laga um verndarsvæði í byggð.
Lögð fram til kynningar.
- 16. 1502110 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar**
Mál nr. 692 - frumvarp til laga um veiðigjöld.
Lögð fram til kynningar.
- 17. 1502110 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar**
Mál nr. 691 - frumvarp til laga um stjórn veiða á Norðaustur-Atlantshafsmakríl (tímabundnar aflaheimildir).
Lögð fram til kynningar.
- 18. 1502110 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar**
687. mál - frumvarp til laga um lögræðislög (réttindi fatlaðs fólks, svipting lögræðis o.fl.)
Lögð fram til kynningar.
- 19. 1501212 - Fundargerðir 2015 - menningar- og safnanefnd**
Fundargerðir menningar- og safnanefndar nr. 11 og 12, frá 31.3.2015 og 9.4.2015.
Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

20. 1504043 - OR - aðalfundur 2015

Fundargerð aðalfundar Orkuveitu Reykjavíkur frá 27.4.2015.


Fundargerð lögð fram til kynningar.

21. 1504123 - Fundargerðir 2015 - Samráðshópur um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6

1. fundargerð samráðshópur um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6, frá 28.4.2015.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:50.



Vilberg P. Guðbjartsson.

Valdís Þryggvólfsdóttir

Júli Björg Samadóttir

Júli Þórunn Valdimarsdóttir

Rannina Ásmundsdóttir

SorciS Alexia Sigmundsdóttir.